

1. Hver yrði áætlaður kostnaður, ef veggur í suðurhlið á húsi Sveinbjarnar Enokssonar yrði gerður eldtraustur (brandgafli), og
2. hverja röskun á innréttingu hússins leiddi af því?
3. Leyfa byggingaryfirvöld bæjarins þá breytingu frá samþykkttri teikningu?
4. Hvaða áhrif hefði það á notagildi og verðmæti lóðar Jónu Guðmundsdóttur, ef suðurhlið á húsi Sveinbjarnar Enokssonar fengi að vera áfram með gluggum, eins og nú er?
5. Hvers konar framkvæmdir eða byggingar eru fyrirhugaðar á lóð Jónu Guðmundsdóttur?

Með tilvísun til 120. gr. laga nr. 85/1936 þykir þess vegna rétt, áður en dómur verður felldur í málinu, að gefa aðiljum kost á að afla framan­greindra upplýsinga og gagna svo og hverra þeirra skýrslna, sem til­efni kann að gefast til.

Því úrskurðast:

Aðiljum ber að afla sér framangreindra upplýsinga og gagna til að leggja fram, þegar málið verður tekið upp eftir réttarfrí.

Mánudaginn 29. september 1952.

Nr. 131/1950: **Eigendur v/s Svindlands I** (Sveinbjörn Jónsson)  
 gegn  
**Skipaútgærð ríkisins** (Egill Sigurgeirsson).

Árekstur skipa. Skaðabætur. Sératkvæði.

### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 13. október 1950, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. s. m. Krefst áfrýjandi þess, að stefndi verði dæmdur fébótaskyldur, *aðallega* að fullu, en *til vara* að hluta eftir mati dómsins, vegna árekstrar þess, er í málinu greinir. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Með skírskotun til raka þeirra, er greinir í héraðsdómi um

vangæzlu af hálfu stjórnanda v/s Svindlands, verður að telja, að hann eigi meginsök á árekstri Svindlands og Súðarinnar í umrætt skipti. Á hinn bóginn er á það að líta, að skipstjórnarmenn Súðarinnar höguðu ekki siglingu skipsins í samræmi við hljóðmerki það, er þeir gáfu, og ekki gerðu þeir tilraun til að taka aftur á, er þeir sáu, að árekstur var yfirvofandi. Þykir bera að meta þetta til nokkurrar vangæzlu af þeirra hálfu. Eins og atvikum að árekstrinum var háttað, þykir rétt, að áfrýjendur beri tjón af árekstrinum að  $\frac{3}{4}$  hlutum, en stefndi að  $\frac{1}{4}$  hluta.

Eftir atvikum telst rétt, að stefndi greiði áfrýjendum kr. 1200.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### Dómsorð:

Áfrýjendur, eigendur v/s Svindlands I, beri tjón af árekstri þeim, er í málinu greinir, að  $\frac{3}{4}$  hlutum, og stefndi, Skipaútgerð ríkisins,  $\frac{1}{4}$  hluta tjónsins.

Stefndi greiði áfrýjendum kr. 1200.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

#### Sératkvæði Jóns Ásbjörnssonar hæstaréttardómara.

Ég tel mikið skorta á, að atvik að árekstri þeim, sem mál þetta er risið af, hafi verið leidd í ljós, svo að við megi hlíta. Af skýrslu skipstjórans á v/s Svindland og vætti Tryggva Blöndahls, er var 2. stýrimaður á e/s Súðinni, má ráða, að e/s Súðin hafi legið nærri kyrr, þegar hljóðmerki var gefið á v/s Svindland um, að það skip mundi hafa aftur á. Hins vegar var árekstur skipanna allharður. Skortir algerlega skýrslur um, hvernig vél e/s Súðarinnar var beitt í milli þess, að greind atvik gerðust. Vélstjóri sá, sem þá var á verði í e/s Súðinni, hefur alls ekki verið kvaddur vættis í málinu, en endurrit úr véladagbókinni, sem fram hefur verið lagt, er óglöggt um þetta atriði.

Þá hefur engin skýring verið gefin á því, hvers vegna e/s Súðin vék ekki til stjórnborða, eins og gefið hafði verið til kynna, er svarað var áðurgreindu hljóðmerki v/s Svindlands. Engar skýrslur eru fyrir hendi um það, hvort nokkuð var að-

hafzt til að reyna að forða árekstri eða draga úr honum, er hann var sýnilega yfirvofandi, og loks er óglöggt leitt í ljós, hvert svigrúm var til athafna.

Af þeim skýrslum, sem fyrir liggja, er hins vegar ljóst, að bæði skipin eiga nokkra sök á árekstrinum, svo sem greinir í dómi meiri hluta Hæstaréttar, en alls óvíst, í hvaða hlutföllum, að mínum dómi. Ég tel því að skipta beri tjóninu að jöfnu á aðilja, sbr. 2. mgr. 225. gr. siglingalaga nr. 56/1914.

Ég get fallizt á ákvörðun meiri hlutans um greiðslu málskostnaðar.

#### **Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 16. júní 1950.**

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þ. m., hafa eigendur m/s Svindlands I frá Bergen höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 17. marz 1948, gegn eiganda e/s Súðarinnar, Skipaútgærð ríkisins hér í bænum, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð norskar kr. 63.853.69 og ísl. kr. 2188.48 auk 6% ársvaxta af hvorum tveggja upphæðunum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Eftir ósk umboðsmanna aðilja og með samþykki dómsins hefur sakarfninu verið skipt. Hafa stefnendur í þessum þætti málsins krafizt þess, að viðurkennt verði, að stefndi beri fébótaábyrgð á árekstri þeim, sem síðar verður greint frá, og hann dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

Stefndi hefur krafizt þess aðallega, að hann verði algerlega sýknaður og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda eftir mati dómsins. Til vara hefur hann gert þær kröfur, að fébótaábyrgðinni verði skipt þannig, að hann beri hana að  $\frac{1}{2}$ , en stefnendur að  $\frac{2}{3}$  hlutum, eða eftir mati dómsins, og málskostnaður verði þá látinn falla niður.

Málavextir eru þeir, að kl. um 16.20 þriðjudaginn 19. ágúst 1948 var e/s Súðinni lagt við akkeri á Siglufjarðarhöfn og beðið eftir fyrirmælum um það, hvar skipið ætti að leggjast að bryggju. Um kl. 16.30 var aftur létt akkerum og haldið inn höfnina. Hafði þá borizt fyrirskipun um, að skipið skyldi leggjast að hafnarbryggjunni austanverðri utan á skipið Lingaa, er þar lá fyrir. Á leiðinni inn höfnina var vél skipsins ýmist látin vinna á hægagangi eða stöðvuð. Meðan Súðin var á leiðinni að bryggjunni, var Svindland I, sem hafði legið norðanvert við hafnarbryggjuna utan á öðru skipi, siglt afturábak frá bryggjunni, þvert á stefnu Súðarinnar. Hafði áður verið gefin skipun um, að flytja skyldi skipið frá bryggju. Fór svo, að árekstur varð milli skipanna. Lenti stefni Súðarinnar á stjórnborðsbóg Svindlands I, og skemmdist það skip nokkuð við áreksturinn.

Halda stefnendur því fram og reisa framangreindar kröfur á því, að skipstjórnarmenn á Súðinni eigi alla sök á árekstrinum, Súðinni hafi

verið siglt á Svindland I, og beri því stefndi ábyrgð á öllu því tjóni, sem af árekstrinum hlaut.

Stefndi heldur því hins vegar fram og reisir á því kröfur sínar, að skipstjórinn á Svindland I hafi valdið árekstrinum með ógætilegri siglingu. Hann hafi siglt skipi sínu aftur á bak beint í veg fyrir Súðina, enda þótt hann hafi séð hana vera á leið inn höfnina, og engin þörf hafi verið á því fyrir hann að hreyfa skip sitt, fyrr en hún var komin fram hjá. Þá hafi hann haft nægilegt svigrúm til þess að sigla stjórnborðsmegin við Súðina milli hennar og lands.

Það er fram komið, að á leið sinni að bryggjunni seig Súðin með mjög hægri ferð inn höfnina með stefnu samhliða austurhlið hafnarbryggjunnar. Fjöldi fiskiskipa lá fyrir akkerum þétt bakborðsmegin við hana, og á stjórnborða lágu einnig fiskiskip við bryggjur. Vindur var beint í stefni eða dálítið á bakborðsbóg skipsins, 4—5 vindstig og nokkuð ójafn. Um leið og Svindland I var siglt frá bryggjunni, gaf skipið 3 hljóðmerki, sem svarað var með einu stuttu hljóðmerki frá Súðinni, en þó fór svo, að skipin rákust á nokkuð út af norðurhorni bryggjunnar. Telur skipstjórinn á Svindland I, að þegar hann byrjaði að taka aftur á, þá hafi Súðin verið, að því er virtist, nærri kyrr, um 6 strik fyrir aftan þvert um stjórnborða í á að gizka 150—200 metra fjarlægð frá skipi hans, og kveður skipstjórinn á Súðinni fjarlægðina ekki hafa verið minni.

Svo sem að framan er greint, varð áreksturinn milli skipanna í þrengslum inni á höfn, og var Súðin um það bil að leggja að bryggju, en Svindland I hafði fyrirmæli um það að leggja frá sinni bryggju, en fram er komið, að Súðin skyldi leggjast við bryggjuna annars staðar en Svindland I lá. Virðast skipstjórnarmenn beggja skipanna hafa séð vel til ferða hvors annars og gefið til kynna með viðeigandi hljóðmerkjum, hvað þeir hefðu í hyggju að gera, og breytt samkvæmt því.

Samkvæmt þeim greinum hinna alþjóðlegu siglingareglna, sem fjalla um það, hvernig skipum beri að vikja hvort fyrir öðru, höfðu bæði skipin rétt til að haga sér, eins og þau gerðu. Kemur þá til athugunar, hvort skipstjórnarmenn skipanna hafi samkvæmt 29. gr. sömu reglna gætt þeirrar varúðar, sem almenn sjómennska eða sérstök atvik kunna að heimta.

Að því er varðar siglingu Svindlands I, þá hlýtur stjórnanda þess að hafa verið ljóst, að með því að bakka þvert fyrir stefnu Súðarinnar í þeirri vindstöðu og veðurhæð, sem þarna var, skapaðist hættu á því, að skipið myndi berast að Súðinni og valda hættu á árekstri. Þá gat skipstjórinn á Svindland I ekki búizt við því, að Súðin, sem er allstórt skip, gæti vikið mikið né bakkað, án þess að hún lenti í vandræðum í þeim þrengslum, sem þarna voru, þó árekstur væri yfirvofandi. Verður því ekki annað séð en sigling Svindlands I, sú er að framan hefur verið lýst, hafi verið óvarleg og frá upphafi með henni teflt á tæpt vað.

Siglingu Súðarinnar var svo hagað, að hún var látin síga áfram með eins hægri ferð, að því er virðist, og unnt var, eða rétt svo að hún léti að stjórn. Er áreksturinn varð, var vél skipsins ekki í gangi, og ekki

verður talið, að ráðlegt hefði verið af skipstjórnarmönnum Súðarinnar, eins og á stóð, að láta vél skipsins taka aftur á, þegar árekstur við Svindland I var yfirvofandi, í því skyni að draga úr eða forða honum, með því að þá var líklegt, að skipinu slægi flötu fyrir vindi og lenti á einhverju þeirra skipa eða skipum, sem lágu sitt hvorum megin við það, með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Verður því ekki annað séð en skipstjórnarmenn á Súðinni hafi hagað siglingu skipsins forsvaranlega eftir aðstæðum.

Að því athuguðu, sem hér er rakið, verður að telja, að skipstjóri Svindlands I hafi með ógætilegri siglingu skips síns átt sök á umræddum árekstri. Ber stefndi þá ekki ábyrgð á tjóninu, sem af árekstrinum hlaut, og verður því krafa hans um sýknu tekin til greina, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnum Péttri Sigurðssyni sjóliðsforingja og Jónasi Jónassyni skipstjóra.

#### Dómsorð:

Stefndi, Skipaútgerð ríkisins, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, eiganda m/s Svindlands I, í máli þessu.  
Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 3. október 1952.

Nr. 14/1951. **Djúpavík h/f** (Magnús Thorlacius)  
gegn  
**Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**  
(Sveinbjörn Jónsson).

Setudómarar **próf. Ólafur Lárusson**  
og **próf. Ólafur Jóhannesson í stað**  
**hrd. Jóns Ásbjörnssonar og hrd.**  
**Þórðar Eyjólfssonar.**

Skattamál. Hlutafélög.

#### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 24. janúar f. á. skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. s. m. Krefst hann þess aðallega, að héraðsdómur og meðferð málsins í